

VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður ses.

Ársreikningur 2017

Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar	2 - 3
Áritun óháðs endurskoðanda	4 - 5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymi	8
Skýringar	9 - 16

VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður ses.
Kennitala 440608-0510
Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík

Skýrsla stjórnar

Meginstarfsemi sjóðsins

Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með árangursríkri starfsendurhæfingarpjónustu. VIRK var stofnað á árinu 2008 og hefur frá hausti 2009 veitt markvissa þjónustu um allt land. Starfsemin hefur verið í hraðri uppbyggingu og þróun á undanförunum 10 árum.

Starfsemin á árinu

Samkvæmt rekstrarreikningi nam afkoma sjóðsins fyrir fjármagnsliði 181,3 millj.kr. á árinu. Að öðru leyti vísast til ársreikningsins varðandi fjárhagsstöðu sjóðsins og rekstur hans á liðnu ári.

Stöðugildi hjá sjóðnum voru 33,6 og launagreiðslur sjóðsins námu 309,9 millj.kr. á árinu. Stöðugildi hjá sjóðnum á fyrra ári voru 29,5 og launagreiðslur sjóðsins námu 261,5 millj.kr. á árinu 2016.

Á árinu 2017 hefur verið lögð áhersla á að þróa áfram þjónustu við einstaklinga með skerta starfsgetu vegna heilsubreysts. Sérstök áhersla var lögð á að auka atvinnutengingu í starfsendurhæfingu á árinu 2017 og svo mun áfram verða á árinu 2018 með fjölgun atvinnulífstengla á skrifstofu VIRK. Auk þess áttu sér stað þær breytingar að ýmis verkefni sem áður voru unnin af verktökum eru nú í meira mæli unnin af starfsmönnum VIRK. Þessar breytingar hafa leitt til þess að starfsmönnum VIRK hefur fjölgað en á móti hefur verið dregið úr aðkeyptri þjónustu sérfræðinga.

Ekkert lát er á eftirspurn eftir þjónustu VIRK. Heildarfjöldi einstaklinga í þjónustu VIRK voru 2362 einstaklingar í lok árs 2017 og hafði fjölgað um 16% frá upphafi ársins. Áfram leitar til VIRK mikill fjöldi einstaklinga sem hefur verið lengi frá vinnumarkaði og glímur við flókinn og erfiðan vanda. Í lok ársins 2017 var ljóst að ekki náðist að anna eftirspurn eftir þjónustunni enda var fjölgun einstaklinga í þjónustu á árinu mun meiri en reiknað var með. Unnið er að því þessa dagana að bæta við ráðgjöfum og atvinnulífstenglum til að geta betur annað eftirspurn eftir þjónustunni á árinu 2018. Nánari upplýsingar um starfsemina og árangur hennar er að finna í ársriti VIRK árið 2018.

Stjórn VIRK hefur tekið ákvörðun um að fara af stað í sérstakt forvarnarverkefni sem áætlað er að ná til næstu þriggja ára. Vegna þessa hafa 150 millj.kr. verið færðar úr varasjóði VIRK í sérstakan sjóð til forvarnarverkefna í efnahagsreikningi.

Varasjóður í lok árs var jákvæður um 4.050,7 millj.kr. en var 3.849,9 millj.kr. í byrjun árs. Varasjóður VIRK hefur þannig vaxið um 200,9 millj.kr. eða um 5,2% á árinu 2017.

Það er ekki hlutverk eða markmið VIRK að safna fjármunum í sjóði. VIRK er hins vegar ekki með ríkisábyrgð og því þarf að vera til staðar varasjóður til að geta staðið við þá samninga og þær skuldbindingar sem VIRK hefur samkvæmt lögum nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Ráðgjafafyrirtækið Talnakönnun hefur metið þörf á stærð varasjóðs miðað við starfsemina og niðurstaðan er sú að nauðsynlegur sjóður sé 2.488 millj.kr. króna. Þetta er sjóður sem samkvæmt tölfraeðilegum aðferðum er með 50% öryggi (þ.e. helmingslíkur eru á að kostnaðurinn verði meiri). Sé hins vegar miðað við 97,5% öryggi eins og oft er gert í tryggingafélögum fæst að sjóðurinn þyrfti að vera 4.118 millj.kr. Raunverulegur sjóður er 4.051 millj.kr. sem svarar til 97,2% öryggis. Það er mat stjórnar VIRK að varasjóður VIRK tryggi í dag það öryggi sem þarf að vera til staðar í rekstri VIRK og ekki sé þörf á frekari söfnun í varasjóð.

Stjórn VIRK lagði til við fjármálaráðherra og húsnæðis- og félagsmálaráðherra í lok árs 2015 að sett yrði bráðabirgðaákvæði í lög nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu þar sem framlög atvinnulífsins og lífeyrissjóðanna til VIRK yrðu lækkuð tímabundið úr 0,13% í 0,10% af stofni tryggingargjalds. Stjórnin lagði einnig til að framlag ríkisins yrði 500 millj.kr. á árinu 2016 í stað 650 millj.kr. og 0,05% af gjaldstofni tryggingagjalds á árinu 2017 í stað 0,06% eins og samkomulag VIRK og fjármálaráðherra og félags- og húsnæðismálaráðherra frá því í apríl 2015 gerði ráð fyrir. Gert er ráð fyrir því í fjárlögum að gjald ríkisins til VIRK verði 0,05% af gjaldstofni tryggingagjalds á árinu 2018.

Stjórn VIRK leggur þó áherslu á að hér er um tímabundna lækkan að ræða sem mikilvægt er að endurskoða við upptöku starfsgetumats í stað örorkumats. Sú kerfisbreyting mun kalla á mikla aukningu í þjónustu hjá VIRK með tilheyrandi útgjaldaaukningu og því er engan veginn tímabært að taka ákvörðun um hvert framlag atvinnulífs, lífeyrissjóða og ríkis þarf að vera til VIRK til framtíðar.

Í september 2017 var undirritaður samningur milli VIRK og Velferðarráðuneytis sem byggir á 9. grein laga nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Með samningnum fylgir itarleg kröfulýsing um starfsemi sjóðsins.

Það er álit stjórnar sjóðsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun sjóðsins komi fram í ársreikningnum.

Framtíðaráform

Starfsemi VIRK mun halda áfram að þróast og eflast á næstu árum. Á næstu mánuðum verður lögð aukin áhersla á atvinnutengingu í starfsendurhæfingu ásamt því að áfram er lögð áhersla á að efla og bæta bæði ráðgjöf og fjölbreytt úrræði í starfsendurhæfingu. Áfram verður einnig unnið að straumlínulögun vinnuferla og aukinni hagkvæmni í þjónustu. Starfsendurhæfing er ung faggrein og sífellt bætist við ný þekking og reynsla sem taka þarf mið af við þróun og eflingu þjónustunnar. Mikilvægt er því að til framtíðar sé VIRK öflugt lærdómsfyrirtæki þar sem sífellt er leitað leiða til að gera betur og ná fram bæði meiri árangri og hagvæmni í rekstri.

Ráðstöfun afkomu ársins

Stjórnin vísar til eiginfjáryfirlits vegna ráðstöfunar á afkomu ársins.

Stjórn VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs ses. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2017 með áritun sinni.


Reykjavík, 3. apríl 2018

Stjórn:


Framkvæmdastjóri:




Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður



Halldóra Friðjónsdóttir, varaformaður



Elín Björg Jónsdóttir




Gissur Pétursson




Guðmundur Ragnarsson



Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir



Hannes G. Sigurðsson




Ragnar Þór Ingólfsson



Vigdís Jónsdóttir



Ragnhildur Ísaksdóttir



Sigurður Bessason



Sólveig B. Gunnarsdóttir



Sólveig Pétursdóttir



Þóra Hallgrímsdóttir



Þórey S. Þórðardóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs ses.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs ses. fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2017, efnahag hans 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur, og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Grundvöllur álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda. Við erum óháð sjóðnum samkvæmt ákvæðum siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi sjóðsins. Við uppfylfum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum sjóðsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning sjóðsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa sjóðinn upp eða hætta rekstri hans, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi sjóðsins. Stjórnendum sjóðsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvisandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að sjóðurinn verði ekki lengur rekstrarhæfur.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirbyggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík, 3. apríl 2018

PricewaterhouseCoopers ehf.

Bryndís Björk Guðjónsdóttir
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur 2017

	Skýringar	2017	2016
Rekstrartekjur			
Iðgjöld	4	2.354.680.178	2.217.415.155
Framlag ríkisins	4	640.000.000	500.000.000
		<u>2.994.680.178</u>	<u>2.717.415.155</u>
Starfsendurhæfing			
Útgjöld vegna starfsendurhæfingar	6	2.478.708.694	2.121.928.370
		<u>2.478.708.694</u>	<u>2.121.928.370</u>
Rekstrarkostnaður			
Laun og tengd gjöld vegna skrifstofu	5	156.963.275	142.820.817
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	7	177.731.251	125.515.139
		<u>334.694.526</u>	<u>268.335.956</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		181.276.958	327.150.829
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Fjármunatekjur		207.179.172	140.874.915
Fjármagnsgjöld		(209.328)	(175.883)
Fjármagnstekjuskattur		(37.338.514)	(13.208.061)
	8	<u>169.631.330</u>	<u>127.490.971</u>
Afkoma ársins		<u>350.908.288</u>	<u>454.641.800</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

Eignir	Skýringar	2017	2016
Fjárfestingar:			
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	9	496.304.736	403.126.574
Skuldabréf og skuldabréfasjóðir	9	3.225.821.233	2.944.455.000
Innlánsreikningur	9	<u>162.842.425</u>	<u>179.714.547</u>
		3.884.968.394	3.527.296.121
Aðrar eignir:			
Óinnheimt iðgjöld	10	291.630.555	268.027.144
Handbært fé	11	<u>311.270.789</u>	<u>265.287.108</u>
		602.901.344	533.314.252
Eignir samtals		<u><u>4.487.869.738</u></u>	<u><u>4.060.610.373</u></u>
 Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Stofnfé		1.500.000	1.500.000
Sjóður til forvarnarverkefna		150.000.000	0
Varasjóður		<u>4.050.760.075</u>	<u>3.849.851.787</u>
	12	4.202.260.075	3.851.351.787
Skuldir			
Ýmsar skammtimaskuldir	13	<u>285.609.663</u>	<u>209.258.586</u>
		285.609.663	209.258.586
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>4.487.869.738</u></u>	<u><u>4.060.610.373</u></u>
 Aðrar upplýsingar	 14 - 17		

Sjóðstreymi ársins 2017

	Skýringar	2017	2016
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		350.908.288	454.641.800
Hreinar (fjármunatekjur) / fjármagnsgjöld		<u>(169.631.330)</u>	<u>(127.490.971)</u>
		181.276.958	327.150.829
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Skammtímakröfur		(23.603.411)	70.856.237
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		<u>76.351.077</u>	<u>39.360.444</u>
		52.747.666	110.216.681
Greiddir vextir og þjónustugjöld		(209.328)	(175.883)
Innborgaðar fjármunatekjur af handbæru fé og kröfum		14.667.300	14.863.572
Greiddur fjármagnstekjuskattur af vaxtatekjum af handbæru fé		(2.498.915)	(2.553.200)
Handbært fé frá rekstri		<u>245.983.681</u>	<u>449.501.999</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfestingar í eignastýringu, (aukning)		<u>(200.000.000)</u>	<u>(346.456.398)</u>
		(200.000.000)	(346.456.398)
Hækkun á handbæru fé		45.983.681	103.045.601
Handbært fé í byrjun árs		<u>265.287.108</u>	<u>162.241.507</u>
Handbært fé í árslok		<u>311.270.789</u>	<u>265.287.108</u>

Aðrar upplýsingar

14 ,15

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með árangursríkri starfsendurhæfingarþjónustu.

VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður ses. er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur sjóðsins er að Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík.

Um starfsemi VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs gilda lög nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Þar er kveðið á um greiðsluskyldu atvinnurekenda í sjóðinn og nam hún 0,13% af heildarlaunum starfsmanna á árinu 2015. Þessa fjárhæð bar lífeyrissjóðum að innheimta og skila til VIRK. Einnig er þar kveðið á um greiðsluskyldu lífeyrissjóða og nemur hún sömu fjárhæð og lífeyrissjóðirnir fá innheimta af atvinnurekendum.

Í lok árs 2015 var sett bráðabirgðaákvæði í lög nr. 60/2012 um tímabundna lækkun gjalda úr 0,13% í 0,10% af stofni tryggingagjalds á árunum 2016 og 2017. Framlag ríkisins var 640 milljónir króna á árinu 2017 og nemur 0,05% af gjaldstofni tryggingagjalds. Framlag ríkisins verður 747 millj.kr. á árinu 2018.

2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga að því undanskildu að hugbúnaður og rekstrarfjármunir eru gjaldfærðir við kaup. Ársreikningurinn er settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum og í skýringu 16.

3. Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

4. Rekstrartekjur

Iðgjöld

Iðgjöld atvinnurekenda	1.195.682.026	1.125.208.952
Mótframlag lífeyrissjóða	1.192.559.832	1.120.961.805
Innheimtuþóknun	(33.561.680)	(28.755.602)
	<u>2.354.680.178</u>	<u>2.217.415.155</u>

Iðgjöld

Iðgjöld samanstanda af greiðsluskyldu atvinnurekenda og lífeyrissjóða í samræmi við lög nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða.

Iðgjöld eru færð til tekna í rekstrarreikning þegar greiðsla berst sjóðnum, en við áramót eru þau iðgjöld sem greidd hafa verið á fyrstu vikum eftir lok reikningsskilatímabils færð til tekna.

Framlag ríkisins

Framlag ríkisins er fært til tekna á grundvelli greiðslu frá ríkissjóði í samræmi við ákvæði laga um tryggingagjald nr. 113/1990 og laga um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða nr. 60/2012.

Skýringar

5. Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

	2017	2016
Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:		
Laun	309.863.801	261.528.104
Launatengd gjöld	60.773.730	48.887.119
Áunnið orlof, breyting	6.065.510	3.544.174
Annar starfsmannakostnaður	13.816.120	12.124.848
	<u>390.519.161</u>	<u>326.084.245</u>
Launagreiðslur til stjórnenda sjóðsins:		
Framkvæmdastjóri	18.150.116	16.407.498
Stjórnarmenn fá ekki greitt fyrir stjórnarsetu.		
Laun, launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður kemur þannig fram í rekstrarreikningi:		
Laun og tengd gjöld vegna skrifstofu	156.963.275	142.820.817
Fært undir útgjöld meðal starfsendurhæfingar	233.555.886	183.263.428
	<u>390.519.161</u>	<u>326.084.245</u>
Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf:		
Skrifstofa	13,5	13,0
Starfsendurhæfing	20,1	16,5
	<u>33,6</u>	<u>29,5</u>

6. Útgjöld vegna starfsendurhæfingar

	2017	2016
Útgjöld vegna starfsendurhæfingar greinast þannig:		
Þjónusta og aðstöðugjald vegna ráðgjafa	573.722.074	503.272.379
Sérfræðiþjónusta og matsteymi	257.558.033	283.003.766
Úrræði	1.277.264.058	1.064.535.231
Laun og tengd gjöld vegna starfsendurhæfingar	233.555.886	183.263.428
Þróun á upplýsingakerfi	100.792.393	64.603.566
Styrkir vegna þróunar, rannsókna og virkni	35.816.250	23.250.000
	<u>2.478.708.694</u>	<u>2.121.928.370</u>
Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf	20,1	16,5
Fjöldi stöðugilda ráðgjafa í lok árs	47,4	46,4
Fjöldi einstaklinga sem nutu þjónustu á vegum VIRK í lok árs	2.362	2.034
Fjöldi nýrra einstaklinga í þjónustu á árinu	1.854	1.711

Um 30 sérfræðingar (2016: 30) voru í sérhæfðum mats- og rýniteymum í lok árs, en vinnuframlag þeirra er mjög mismunandi. Um er að ræða aðkeypta þjónustu sjálfstæðra verktaka í þessum teymum.

Skýringar

7. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

	2017	2016
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður greinist þannig:		
Húsaleiga	29.298.524	28.782.174
Viðhald húsnæðis	2.070.107	142.592
Annar rekstrarkostnaður fasteigna	5.597.922	5.727.591
Innréttingar, áhöld og tæki	12.676.788	6.936.047
Ritföng og prentun	1.452.292	1.896.614
Sími, internetkostnaður og burðargjöld	5.314.703	4.467.421
Gjaldfærð áhöld og viðhald	485.225	149.459
Útgáfa og kynningarkostnaður	38.494.271	10.820.943
Menntun, ráðstefnur og námskeið	9.521.940	7.299.660
Bækur, tímarit og námsgögn	282.217	281.405
Ferðakostnaður innanlands	770.908	520.446
Funda-, ráðstefnu og viðskiptakostnaður	7.675.677	1.517.081
Rekstur tölvubúnaðar og hugbúnaður	27.113.646	25.207.590
Reikningsleg aðstoð	7.212.559	5.705.553
Lögfræði- og ráðgjafakostnaður	6.256.544	11.136.888
Aðkeypt þjónusta	22.542.177	14.147.454
Vátryggingar	300.237	253.749
Annar kostnaður	665.514	522.472
	<u>177.731.251</u>	<u>125.515.139</u>

8. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

	2017	2016
Fjármunatekjur greinast þannig:		
Innleystur hagnaður eignastýringar	26.152.375	12.705.219
Óinnleystur hagnaður eignastýringar	119.759.227	86.426.842
Arðstekjur eignastýringar	994.228	740.804
Vaxtatekjur eignastýringar	51.943.899	29.237.916
Umsýsluþóknun eignastýringar	(6.337.857)	(3.099.438)
Vaxtatekjur	12.494.608	12.765.937
Vaxtatekjur vegna innheimtu lífeyrissjóða	2.172.692	2.097.635
	<u>207.179.172</u>	<u>140.874.915</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Þjónustugjöld	(65.962)	(33.810)
Þjónustugjöld kreditkorta	(16.560)	(17.325)
Seðilgjöld reikninga	(126.661)	(121.845)
Vextir	(145)	(2.903)
	<u>(209.328)</u>	<u>(175.883)</u>
Fjármagnstekjuskattur	(37.338.514)	(13.208.061)
	<u>169.631.330</u>	<u>127.490.971</u>

Tekjur af fjárfestingum

Fjárfestingar eru í eignastýringu hjá viðskiptabönkum sjóðsins samkvæmt samningi þar um. Tekjur vegna fjárfestinganna færir sjóðurinn með eftirfarandi hætti:

Óinnleystur hagnaður eða tap eignastýringar: Er færður í lok reikningsskilatímabils samkvæmt uppgjöri frá eignastýringu og er vegna gangvirðisbreytinga og annarra matsbreytinga á fjárfestingum sjóðsins.

Innleystur hagnaður eignastýringar: Er hagnaður eða tap vegna gangvirðisbreytinga og annarra matsbreytinga af fjárfestingum sjóðsins sem hefur verið innleystur á tímabilinu.

Arðstekjur eignastýringar: Eru tekjufærðar þegar ákvörðun hluthafafundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Vaxtatekjur eignastýringar: Eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna innlánsreikninga í eignastýringu.

Skýringar

8. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) frh.

Aðrar vaxtatekjur eru vaxtatekjur vegna bankainnistæðna, innheimtu lífeyrissjóða og annarra krafna.

Fjármagnsgjöld og fjármagnstekjuskattur

Fjármagnsgjöld eru færð til gjalda á því tímabili sem þau falla til. Fjármagnstekjuskattur er gjaldfærður á því ári sem hann er innheimtur.

Erlendir gjaldmiðlar og vísitölutenging

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2018. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

9. Fjárfestingar í verðbréfum

Fjárfestingar VIRK-Starfsendurhæfingarsjóðs ses. eru allar í eignastýringu hjá viðskiptabönkum sjóðsins, Íslandsbanka og Landsbanka. Eignastýringin vinnur samkvæmt fjárfestingarstefnu sem stjórn sjóðsins hefur samþykkt og tekur mið af markmiðum og aðstæðum sjóðsins.

Í efnahagsreikningi flokkast fjárfestingarnar í þrennt: Eignahluti í félögum og sjóðum, skuldabréf og skuldabréfasjóði og innlánsreikninga.

	2017	2016
Eignarhlutir í félögum og sjóðum sundurliðast þannig:		
Hlutabréf í skráðum félögum	49.630.854	258.856.977
Eignarhlutir í hlutdeildarskírteinum hlutabréfasjóða	269.838.736	144.269.597
Eignarhlutir í hlutdeildarskírteinum erlendra hlutabréfasjóða	176.835.146	0
	<u>496.304.736</u>	<u>403.126.574</u>
Skuldabréf og skuldabréfasjóðir sundurliðast þannig:		
Ríkisskuldabréf	378.539.913	505.846.205
Skuldabréf sveitarfélaga	54.171.539	135.302.436
Skuldabréf lánastofnana	163.914.260	120.478.993
Skuldabréfasjóðir	2.592.553.770	2.145.119.724
Skuldabréf fyrirtækja	36.641.751	37.707.642
	<u>3.225.821.233</u>	<u>2.944.455.000</u>

Innlánsreikningar í eignastýringu:

Innlánsreikningar eru bankareikningar og lausafjár sjóðir í eignastýringu.

Ávöxtun fjárfestinga í eignastýringu:

Ávöxtun fyrir fjármagnstekjuskatt	192.511.872	126.011.343
Nafnávöxtun	5,46%	4,11%
Raunávöxtun	3,50%	1,95%

Skýringar

9. Fjárfestingar í verðbréfum frh.

Félög og sjóðir, matsreglur

Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru færðir á gangvirði. Verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í lok árs, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins.

Eignarhlutir í hlutabréfa- og skuldabréfasjóðum sem ekki eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði er færð upp miðað við gengi sem er útgefið af sjóðunum. Það gengi á að endurspegla gangvirði undirliggjandi hluta- og skuldabréfa í sjóðunum að frádrögnum kostnaði.

Skuldabréf, matsreglur

Skuldabréf eru metin á gangvirði. Skuldabréf sem eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í lok árs, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins.

Áhættustýring

Áhættustýring er í höndum stjórnar sjóðsins sem markar fjárfestingastefnu. Helsti fjárhagslegur áhættuþáttur sjóðsins telst vera markaðsáhætta tengd fjárfestingu í verðbréfum. Sjá nánar um fjöllun um fjárhagslega áhættustjórnun í skýringu nr. 16.

10. Óinnheimt iðgjöld

	2017	2016
Óinnheimt iðgjöld sundurliðast þannig:		
Útistandandi iðgjöld atvinnurekenda	135.334.896	122.772.768
Útistandandi mótframlag lífeyrissjóða	156.295.659	145.254.376
	<u>291.630.555</u>	<u>268.027.144</u>

Óinnheimt iðgjöld og mótframlög eru færð á nafnverði.

11. Handbært fé

Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstandur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

12. Eigið fé

Stofnfé

Stofnfé sjóðsins samkvæmt skipulagsskrá nemur kr. 1.500.000. Óskerðanlegt stofnfé samkvæmt skipulagsskrá nemur kr. 1.000.000.

Stofnaðilar sjóðsins eru: Alþýðusamband Íslands (ASÍ), Samtök atvinnulífsins (SA), Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB), Bandalag háskólamanna (BHM), Kennarasamband Íslands, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Launanefnd sveitarfélaganna og Reykjavíkurborg.

Sjóður til forvarnarverkefna

Stjórn VIRK hefur tekið ákvörðun um að fara af stað í sérstakt forvarnarverkefni sem áætlað er að ná til næstu þriggja ára. Vegna þessa hafa 150 millj.kr. verið færðar úr varasjóði VIRK í sérstakan sjóð meðal eigin fjár til forvarnarverkefna.

Skýringar

12. Eigið fé frh.

Varasjóður

Ráðstöfun fjármuna VIRK takmarkast við verkefni sjóðsins eins og þau eru skilgreind í skipulagsskrá og snúa að starfsendurhæfingu. VIRK er ekki með ríkisábyrgð og því þarf að vera til staðar varasjóður til að sjóðurinn geti staðið við þá samninga og þær skuldbindingar sem VIRK hefur samkvæmt lögum nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Ráðgjafafyrirtækið Talmakönnun hf. hefur metið þörf á stærð varasjóðs miðað við starfsemina og niðurstaðan er sú að nauðsynlegur sjóður sé 2.488 millj.kr. Þetta er sjóður sem samkvæmt tölfræðilegum aðferðum er með 50% öryggi (þ.e. helmingslíkur eru á að kostnaðurinn verði meiri). Sé hins vegar miðað við 97,5% öryggi eins og oft er gert hjá tryggingafélögum fæst að sjóðurinn þurfi að vera 4.118 millj.kr. Raunverulegur varasjóður er 4.051 millj.kr. í lok árs 2017 sem svarar til 97,2% öryggis (2016: 98,7%). Það er mat stjórnar VIRK að varasjóður VIRK tryggi í dag það öryggi sem þarf að vera til staðar í rekstri VIRK og ekki sé þörf á frekari söfnun í varasjóð.

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Stofnfé	Sjóður til forvarnarverk.	Varasjóður	Eigið fé samtals
Hreyfingar 2016:				
Staða í ársbyrjun	1.500.000	0	3.395.209.987	3.396.709.987
Afkoma ársins			454.641.800	454.641.800
Staða í árslok	1.500.000	0	3.849.851.787	3.851.351.787
Hreyfingar 2017:				
Staða í ársbyrjun	1.500.000	0	3.849.851.787	3.851.351.787
Fært á sjóð til forvarnarverkefna		150.000.000	(150.000.000)	0
Afkoma ársins			350.908.288	350.908.288
Staða í árslok	1.500.000	150.000.000	4.050.760.075	4.202.260.075

13. Ýmsar skammtímaskuldir

	2017	2016
Ýmsar skammtímaskuldir sundurliðast þannig:		
Lánadrottinnar	206.815.762	152.180.035
Ógreiddir styrkir	31.249.948	19.399.448
Ógreidd laun og launatengd gjöld	16.147.473	12.348.133
Áunnið orlof	31.396.480	25.330.970
	285.609.663	209.258.586

Ýmsar skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði.

14. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar sjóðsins eru stofnaðilar, stjórn sjóðsins, framkvæmdastjóri og nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

	Keypt þjónusta, leiga og vörur	Skuldir
Alþýðusamband Íslands, stofnaðili	9.248.496	775.836
Eignarhaldsfélagið Sætúni 1 ehf., í eigu stofnaðila	13.772.581	0
Listasafn ASÍ, í eigu stofnaðila	76.720	0
Húsfélagið Sætúni 1, í eigu stofnaðila	322.732	0
Efling stéttarfélag, stjórnartengsl	29.298.524	0
	52.719.053	775.836

Skýringar

15. Aðrar upplýsingar

Skuldbindingar

Samkvæmt 15. gr. laga um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða nr. 60/2012 skulu framlög til starfsendurhæfingarsjóðs standa undir þeirri þjónustu sem sjóðnum er skylt að veita. Sjóðurinn skal ábyrgjast skuldbindingar sínar með framlögum og skal miðað við að sjóðurinn geti staðið við þær.

Vígfús Ásgeirsson tryggingastærðfræðingur, fyrir hönd Talnakönnunar hf. hefur að ósk sjóðsins metið nauðsynlegt umfang varasjóðs vegna starfseminnar. Að hans mati er niðurstaða útreikninga sú að miðað við þá skjólstæðinga sem ekki hafa lokið meðferð í lok árs 2017, sé þörf fyrir varasjóð að fjárhæð 2.488 millj.kr. Miðast sú þörf við tölfraðilegar aðferðir með 50% öryggi (þ.e. helmingslíkur eru á að kostnaður verði meiri). Stærð varasjóðsins þann 31. desember 2017 að fjárhæð 4.051 millj.kr tryggir 97,2% öryggi.

Skuldbindandi leigusamningar

Leigusamningur um skrifstofuhúsnæði undir starfsemi sjóðsins á 1. hæð að Guðrúnartúni 1 í Reykjavík er til 5 ára og tók hann gildi 1. janúar 2015. Honum lýkur án uppsagnar þann 31. desember 2019. Að leigutíma loknum á sjóðurinn forleigurétt nýti ASÍ og aðildarfélag þess ekki húsnæðið til eigin nota. Samningsfjárhæðin er verðtryggð og skal taka mánaðarlegum hækkunum samkvæmt vísitölu neysluverðs. Sjóðurinn er einnig með húsaleigusamning við Eflingu-stéttarfélag um leigu á 4. hæð að Guðrúnartúni 1. Leigusamningurinn er til 5 ára og tók hann gildi 1. júlí 2014 og lýkur án uppsagnar þann 1. júlí 2019. Leigutaki hefur að leigutíma loknum forleigurétt á húsnæðinu.

Aðrir samningar

VIRK hefur samið um smíði á hugbúnaði við Advania sem kemur til með að efla enn frekar þjónustu sjóðsins við viðskiptavinum og styðja við starfsemi hans. Heildarkostnaður samningsins nemur um 120 millj.kr., þar af hafa verið greiddar um 90 millj.kr. í lok árs 2017.

16. Aðrar helstu reikningskilaaðferðir

16.1 Gjaldfærsla kostnaðar

Kostnaður er færður til gjalda á því tímabili sem til hans er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

16.2 Skattamál

Í skipulagsskrá sjóðsins eru ákvæði þess efnis að jákvæð afkoma af starfsemi hans verði aðeins ráðstafað til að efla starfsemina í samræmi við hlutverk hans og með vísan til þeirra ákvæða hefur sjóðurinn fengið undanþágu frá skattlagningu. Sjóðurinn er því ekki tekjuskattskyldur lögaðili og greiðir því ekki tekjuskatt af rekstri sínum þó um jákvæða afkomu sé að ræða.

16.3 Skuldbindingar

Sjóðurinn færir skuldbindingu þegar sjóðurinn hefur lagalega eða samningslega skyldu til að greiða skuldbindingu vegna liðinna atburða, líkur eru taldar á að til greiðslu þeirra komi og hægt er að mæla þær með ábyggilegum hætti.

Skýringar

17. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi sjóðsins hefur í för með sér margvíslega áhættu. Samkvæmt 15. gr. laga nr. 60/2012 skulu framlög til starfsendurhæfingarsjóðs standa undir þeirri þjónustu sem sjóðnum er skylt að veita lögum samkvæmt. Sjóðurinn skal ábyrgjast skuldbindingar sínar með framlögum og skal miðað við að sjóðurinn geti staðið við þær. Engin ríkisábyrgð er á starfsemi VIRK og því er mikilvægt að það sé til staðar varasjóður til að mæta bæði sveiflum í rekstri og óvæntum áföllum í rekstri og þjónustu. Starfsemi VIRK er víðtæk og á hverjum tíma eru til staðar skuldbindingar gagnvart bæði einstaklingum og þjónustuaðilum sem geta náð nokkur ár fram í tímann. Vísað er til umfjöllunar um útreikninga á nauðsynlegum varasjóði VIRK í skýringu 11 hér að framan.

Aðrir áhættuþættir tengjast varðveislu og ávöxtun varasjóðs VIRK s.s. vegna vaxtabreytinga og áhrifa breytinga á gengi hlutabréfa og gengi erlendra gjaldmiðla. Helsti fjárhagslegi áhættuþáttur sjóðsins í varðveislu varasjóðs telst vera markaðsáhætta tengd fjárfestingu í verðbréfum. Áhættustýring er í höndum stjórnar sjóðsins sem markar fjárfestingastefnu.